

SKÓLASTEFNA REYKHÓLAHREPPS

Vellíðan
Samvinna
Kjarkur

VELLÍÐAN grunnur að árangri

SAMVINNA

til að leysa flókin verkefni

KJARKUR

til að gera stórkostega hlúti



Hlutverk sveitarfélagsins

Hlutverk Reykhólahrepps er að veita öllum börnum jafnan rétt til góðrar menntunar við hæfi hvers og eins og efla áhuga og löngun þeirra til frekari menntunar og þroska.

Hlutverk sveitarstjórnar Reykhólahrepps í skólastarfi er að tryggja börnum sveitarfélagsins menntun á grundvelli laga og aðalnámskrár, marka stefnu skólanna í samvinnu við íbúa sveitarfélagsins og vinna að því að öllum börnum verði gert kleift að taka eins miklum framförum og þau hafa forsendur til. Allt skólastarf byggir á stefnunni um menntun án aðgreiningar.

Vilji sveitarstjórnar er að skapa skólastarfinu umgjörð sem er til þess fallin að skila árangri samkvæmt markaðri skólastefnu, börnum okkar og samfélaginu til heilla. Leiðarljós/hornsteinar stefnunnar eru vellíðan, samvinna og kjarkur sem vísar til þess að frumforsenda náms er að börnum líði vel, að þau tilheyri því samfélagi sem þau búa í, starfi í öruggu umhverfi, að samvinnumiðaðir starfshættir einkenni allt skólastarf og að skólasamfélagið hafi kjark til að vera víðsýnt og framsækið og þora jafnframt að bera saman stöðu nemenda við stöðu annarra barna á landinu.

Sveitarstjórn hefur ríkan vilja til þess að ráða að skólunum starfsfólk sem hefur bæði menntun og hæfni til að skapa börnum frjóar námsaðstæður. Sveitarstjórn leggur áherslu á að tryggja góðan og metnaðarfullan aðbúnað. Einnig er mikilvægt að starfsfólk nýti upplýsingatækni í öllu skólastarfi bæði til hagsbóka fyrir nemendur og starfsfólk - og leitist við að vinna með starfsfólki og stjórnendum annarra skóla.

Sjálfstæði skóla er mikilvægt til framþróunar að því marki sem lög og

fjárhagsrammi mæla fyrir um og er það vilji sveitarstjórnar að svo verði áfram.

Í Reykhólahreppi er rekinn einn skóli sem er í senn leikskóli, grunnskóli og tónlistarskóli. Sveitarfélagið vill standa vel að skólastarfi þegar kemur að aðbúnaði allra nemenda og fjárfesta eins vel og hægt er hverju sinni er varðar ytri aðstæður nemenda.

Sveitarfélagið vill styðja við alhliða menntun allra barna í sveitarfélaginu til 18 ára aldurs.

Hlutverk Reykhólahrepps er að veita öllum börnum jafnan rétt til góðrar menntunar við hæfi hvers og eins og efla áhuga og löngun þeirra til frekari menntunar og þroska. Að efla samvinnu og vellíðan í skólasamfélaginu öllu. Að allir hafi þrautseigju og kjark til að láta drauma sína rætast. Sveitarfélagið vill jafnframt skapa vettvang til markvissrar samvinnu á milli nemenda, kennara, forráðamenn, sveitarfélagsins og atvinnulífsins á svæðinu svo að hver nemandi hafi þann stuðning sem til þarf til að gera sitt besta.

Skólastjóri gegnir lykilhlutverki við að framfylgja skólastefnu Reykhólahrepps í góðri samvinnu við forsvarsmenn sveitarfélagsins, starfsfólk skólans, forráðamenn, nemendur og atvinnulífið á svæðinu. Skólastjóri veitir sameinuðum leik-, grunn- og tónlistarskóla sveitarfélagsins stjórnunarlega og faglega forystu.

Stjórnun

- Skólastjóri hafi frumkvæði að mótun, sýn og stefnu skólans í samráði við nemendur, starfsfólk og forráðamenn. Stefna skólans skal byggja á skólastefnu sveitarfélagsins.

Stefna skólans sé sýnileg og hvetjandi og byggji á skólastefnu sveitarfélagsins.

Að stefna skólans birtist auglýsinga í daglegu skólastarfi.

- Skólastjóri leggur fram skólanámskrá og starfsáætlanir á ári hverju og endurskoðar alla þætti skólastefnunnar reglulega í samstarfi við skólasamfélagið.

Skólanámskrá endurspeglir stefnu skólans. Skólanámskrá sé skiljanleg og læsileg.

- Áætlanir um innra mat endurskoðaðar árlega.
- Umbótaáætlanir eru eðlileg viðbrögð við innra mati og settar í framkvæmd

um leið og niðurstöður úr hverjum þætti innra mats liggur fyrir. Allir eru meðvit-aðir um það þegar úrbóta er þörf og taki fullan þátt.

Starfsfólk

- Skólastjóri er faglegur leiðtogi sem byggir starfshætti sína á fagmennsku og styður starfsfólk í því að framfylgja stefnu skólans í sínu starfi.

Starfsmannaviðtöl og starfsþróun. Skýr starfsmannastefna.

- Skólastjóri sjái til þess að á öllum stundum séu í gildi skýr viðmið í skólanámskrá um fjölbreytta kennsluhætti og námsmat.

Skólanámskrá endurskoðuð reglulega, skýr stefna og sýn sem fylgt er eftir.

- Skólastjóri sér til þess að allt skólastarf byggji á grunnþáttum menntunar og Aðalnámskrá tilgreinir.

Útfærsla á því hvernig grunnþættirnir

birtast í skólanámskrá og á heimasíðu skólans.

- Sveitarfélagið sjái til þess að skólinn einangrist ekki heldur hafi aðgang að fjölbreyttum faglegum stuðningi og samstarfi við aðra skóla og menntastofnanir þar sem tæknin er nýtt til hins ýtrasta til að tryggja hagkvæma þjónustu þar sem hennar er þörf.

Samningar við utanaðkomandi aðila sem munu sinna fjölbreyttum stuðningi við skólastjóra og kennara.

Nemendur

- Skólastjóri leiðir faglegt starf og leggur sig fram við að allir nemendur nái eins miklum árangri og þeim er unnt.

Markvisst utanumhald um framfarir nemenda.

- Að nemendalýðræði sé virkt og að nemendur leggi mark sitt á skólastarfið með skipulögðum hætti.

Reglubundið samstarf við nemendur þar sem nemendur eru kallaðir að borðinu til skrafs og ráðagerða um skipulag skólans, fyrirkomulag náms og kennslu. Virk samstarfsáætlun nemendafélagsins.

- Allt starfsfólk skólans, undir stjórn skólastjóra, hafi trú á nemendum og leggi sig fram við að finna fjölbreyttar leiðir sem henta hver og einum.

Áhersla á jákvæðan aga, jákvæða sálfræði og tiltrú á nemendum.

Samstarf við forráðamenn og atvinnulífið

- Skólastjóri leiðir samstarf við forráðamenn.

Áætlun um samstarf við forráðamenn birt í starfsáætlun og endurskoðuð reglulega.

- Sveitarfélagið skapi vettvang um markvisst samstarf.

Sveitarfélagið kalli saman fulltrúa atvinnulífsins og sveitarfélagsins til skrafs og ráðagerða á hverju vori.

- Starfsfólk vinni skipulega að jákvæðum og uppbyggandi samskiptum við forráðamenn.

Áætlun um samstarf við forráðamenn birt í starfsáætlun og endurskoðuð ár hvert.

- Tengsl við atvinnulífið - verkefni skólans tengist atvinnulífinu á staðnum og víðar. Markvisst samstarf og samvinna.

Þemaverkefni og starfstengd verkefni fléttast inn í skólanámskrá.

- Nýta fjarkennslu þegar sérhæfingu vantar eða þegar þarf að bregðast við þörfum nemenda sem ekki verður uppfyllt af starfsfólki á svæðinu.

Fjarkennsla og fjaraðstoð nýtt þegar sérhæfingu starfsfólks á staðnum þrýtur.

- Laða að fólk á svæðið.

Sveitarfélagið skipuleggi viðburði í samstarfi við skólann og komi á framfæri jákvæðum og spennandi fréttum af íbúum sveitarfélagsins og starfsemi skólans. Hvert haust verði gerð áætlun þar um.

- Lögð sé áhersla á að skólinn sé leiðandi í samfélaginu er kemur að sí- og endurmenntun.

Símenntunar- og starfsþróunaráætlun skólans gerð til tveggja ára. Haft sé samráð við fulltrúa atvinnulífsins og samstarfsgrundvöllur kannaður reglulega.



Endurskoðun

Sveitarfélagið setur sér að endurskoða skólastefnu sveitarfélagsins á 5 ára fresti. Á síbreytilegum tímum gæti reynst nauðsynlegt að endurskoða stefnuna oftar.

Framtíðarsýn

Reykholahreppur vill bjóða upp á fjölbreytt og metnaðarfullt skólastarf þar sem börnum er gert kleift að ná eins miklum framförum og mögulegt er í skapandi, öruggu og vel búnu starfsumhverfi sem einkennist af samvinnu allra hagsmunaaðila. Skólinn sé hornsteinn samfélagsins og miðja menntunar og uppspretta skapandi hugmynda. Að skólinn sé jafnframt tæknilega vel búinn og eftirtektarverður vinnustaður í alla staði.

Árangursmælingar

Mennta- og menningarmálanefnd Reykholahrepps hefur einsett sér að styðja vel við skólastarf á svæðinu. Til þess að geta sem best staðið undir þeirri ábyrgð sem mennta- og menningarmálanefnd hefur tekið sér fyrir hendur á hverjum tíma mun nefndin kalla eftir eftirfarandi upplýsingum frá skólastjóra ár hvert.

- Gögnum um líðan nemenda í skóla, gögnum um hvernig markviss samvinna birtist í skólastarfinu og hvernig kjarkur nemenda endurspeglar í viðfangsefnum skólans. Sveitarfélagið leggur megináherslu á að nemendum líði vel, séu hugrökk og hafi góð tök á því að vinna saman og með öðrum. Það er brýnt að þessir þættir birtist með skýrum hætti í skólastarfinu og hægt sé að sýna fram á að þessir þættir séu samofnir skólastarfinu á hverjum tíma.
- Yfirliti yfir framfarir nemenda á milli samræmdra prófa í 4., 7. og 9. bekk.
- Yfirliti yfir framfarir á milli mælinga í lestri, lestrarhraða og lesskilningi.
- Gögnum um að fjölbreyttum kennsluáðferðum sé beitt.
- Gögnum um að fjölbreyttum leiðum í námsmati sé beitt.
- Samantekt um niðurstöður sjálfs mats á hverju ári.
- Ytra mati á gæðum skólastarfsins, samkvæmt gæðaviðmiðum Menntamálastofnunar varðandi leik- og grunnskólastarf, á 5 ára fresti eða oftar ef þurfa þykir. Sveitarfélagið hefur ákveðið að gera betur og kalla eftir ytra mati frá sérfræðingum til viðbótar við reglubundið eftirlit yfirvalda menntamála.

VELLÍÐAN

grunnur að árangri

• SAMVINNA

til að leysa flókin verkefni

• KJARKUR

til að gera stórkostega hluti

